



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 7/2012

Ákvörðun um sekt vegna tilboðs Nettó á bókum

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Samkaupa hf., rekstraraðila Nettó, dags. 1. desember 2011, fór Neytendastofa fram á að fyrirtækið færði, eigi síðar en 5. desember 2011, sönnur á að bækur auglýstar í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu þann 1. desember 2011 hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Í bréfi Neytendastofu var vísað til bókanna:

1. Sagan sem varð að segja, með 39% afslætti, nú kr. 3.959 merkt verð kr. 6.490.
2. Ómunatíð, með 40% afslætti, nú kr. 3.594 merkt verð kr. 5.990.
3. Brakið, með 40% afslætti, nú kr. 3.594 merkt verð kr. 5.990.
4. Uppskrift að fjöri, með 40% afslætti, nú kr. 2.399 merkt verð kr. 3998.

Vísað var til bréfa Neytendastofu, dags. 8. nóvember 2010, sem send höfðu verið til seljenda jólabóka. Í bréfinu til Nettó kom fram að í aðdraganda jóla væru mjög áberandi auglýsingar á nýútkomnum bókum og iðulega væru boðnir afslættir og tilboð á bókunum. Vakin var athygli á þeim lögum og reglum sem um það gilda, gefnar leiðbeiningar og hvatt til þess að farið væri að þeim. Vakin var athygli á ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæða 3. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Þá kom fram í bréfinu að brot á framangreindum lögum og reglum gætu varðað sektum.

2.

Svar Nettó barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 3. desember 2011. Þar kemur fram að fyrirtækið hafi ekki auglýst fyrra verði heldur merkt verð. Til þess að vara geti farið í sölu hjá



fyrirtækinu þá þurfi að gefa henni verð. Seljist hún ekki á því verði þá ýmist sé hún kynnt, auglýst eða boðin á lækkuðu verði, t.d. kynningarverði eða allt saman í einu. Sé verð ekki sett á vöruna þá hindri hún afgreiðslu þar sem starfsmaður á kassa geti ekki selt viðskiptavinum vöruna. Í bréfinu var óskað skýringa Neytendastofu þannig að Nettó gæti brugðist við með réttum hætti.

Viðbót við svar Nettó barst Neytendastofu með bréfi, dags. 12. desember 2011. Í bréfinu kemur fram að í umræddum auglýsingum hafi tilteknaðar bækur verið auglýstar með 30-40% afslætti frá „merktu verði“. Hafi „merkt verð“ verið tilgreint í auglýsingunni, auk útsöluverðs.

Í bréfi Neytendastofu sé óskað eftir því að Nettó færi sönnur á að umræddar bækur hafi verið seldar á því verði sem tilgreint sé sem „fyrri verð“. Í tilviki umræddra bóka hafi þær í upphafi verið teknar inn á tilteknu verði og „merktar“ í versluninni á hillumiða með því verði. Sé það hið „merkta verð“ sem vísað sé til í auglýsingunni. Bækurnar hafi hins vegar ekki selst á því verði og verðið því verið lækkað, enda ekki spurn eftir bókunum á „merktu verði“. Í samræmi við framangreint sé Nettó því miður ekki kleift að færa sönnur á það að umræddar bækur hafi verið seldar á „merktu verði“, sem óskað sé eftir. Í því skyni að sýna fram á að umræddar bækur hafi verið boðnar til sölu á merktu verði leggi Nettó hins vegar fram upplýsingar annars vegar um hvenær umræddar bækur voru teknar inn í verslunina og boðnar til sölu og hins vegar hvenær fyrsta eintak bókarinnar seldist á lækkuðu verði. Samkvæmt þeim upplýsingum hafi bókin Stelpur A-Ö komið inn 10. nóvember en hafi selst fyrst 16. nóvember á lækkuðu verði og Matreiðslubók Latabæjar hafi komið inn 15. nóvember, en selst fyrst á lækkuðu verði þann 25. sama mánaðar. Þar sem umræddar bækur séu teknar inn í umboðssölu þá kaupi verslunin bækurnar ekki inn fyrr en þær séu seldar til neytenda, hefur Nettó ekki hefðbundnar kvittanir fyrir innkaupum á vörunni, en forlöggin halda almennt ekki yfirlit yfir afhendingu vörunnar. Nettó geti þannig aðeins sýnt með nánari hætti fram á móttöku bóka frá forlaginu Bjarti-veröld.

Ákvæði 11. gr. laga nr. 57/2005 mæli fyrir um að útsölu eða aðra sölu, þar sem selt sé á lækkuðu verði, megi því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þá sé tekið fram að greinilegt skuli vera af verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar hafi verið. Ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008 sé væntanlega ekki ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtæki geti lækkað verð vöru sem ekki selst á upprunalegu verði og í samræmi við það auglýst þá verðlækkun vörunnar. Þannig geti sú staðreynd að umræddar bækur hafi ekki selst á upprunalegu verði að mati Nettó ekki bakað fyrirtækinu ábyrgð samkvæmt lögum nr. 57/2005. Sé þess óskað að Neytendastofa líti til þessara sjónarmiða.

Þrátt fyrir það sem að framan sé greint skuli tekið fram að eftir að Nettó bárust athugasemdir Neytendastofu með fyrrnefndu bréfi stofnunarinnar, dags. 1. desember sl. hafi fyrirtækið ákveðið að taka tillit til athugasemdanna og breytt bókauglýsingum. Séu bækurnar þannig einungis auglýstar með því að smásöluverði sem sé í boði í verslunum Nettó hverju sinni, en hvorki vísað



til hlutfallslegrar lækkunar né lækkunar frá „merktu verði“. Er þess óskað að Neytendastofa taki tillit til þess við afgreiðslu málsins.

3.

Með bréfi Neytendastofu til Nettó, dags. 31. janúar 2012, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa farið fram á að Nettó færi sönnur á að tilboðsvörur hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Svör Nettó bárust Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 3. desember 2011 og með bréfi, dags. 12. desember 2011.

2.

Í bréfi Neytendastofu til Nettó var vísað til ákvæða 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í d. lið segir:



„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.“

Ákvæði 11. gr. laganna er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að neytendur séu blekkir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur.

Með heimild í 17. og 18. gr. laganna hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Í 3. gr. reglnanna segir:

„Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom.“

Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.“

Ákvæðið er til fyllingar ákvæði 11. gr. laga nr. 57/2005 þar sem kveðið er á um að um raunverulega verðlækkun skuli vera að ræða. Skv. ákvæðinu verður seljandi að geta fært sönnur á að varan hafi raunverulega verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.

3.

Í 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 366/2008 er lögð afdráttarlaus skylda á seljendur að geta fært sönnur á að auglýst vara eða þjónusta hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði. Leiðbeinandi verð, verð annarra söluaðila eða tillaga heildsala að smásöluverði getur samkvæmt ákvæðinu ekki verið viðmið um fyrra verð vöru eða þjónustu nema seljandi hafi raunverulega selt á því verði. Í reglunum er ekki fjallað um í hve langan tíma vara eða þjónusta þurfi að hafa verið til sölu á fyrra verði áður en til lækkunar kemur eða hve margar einingar skuli hafa verið seldar á fyrra verði áður en til lækkunar kemur. Neytendastofa hefur því metið í hverju tilviki fyrir sig hvort lækkunin teljist raunveruleg. Við það mat er litið til þess í hve mörgum eintökum varan hefur verið seld og í hve langan tíma hún var boðin til sölu á fyrra verði. Í bréfi Neytendastofu til Nettó, sem og annarra seljenda jólabóka, dags. 8. nóvember 2010, var gerð grein fyrir þessu mati stofnunarinnar.



Í svari Nettó kemur fram að þar sem umræddar vörur hafi verið boðnar til sölu á fyrra verði, en ekki selst, hafi Nettó ekki brotið gegn 3. gr. reglna 366/2008. Óskar Nettó þess að Neytendastofa líti til þessara sjónarmiða. Meginregluna um að vara verði að hafa verið seld á tilgreindu fyrra verði áður en til útsölu eða tilboðs kemur er að finna í 11. gr. laga nr. 57/2005 og 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 366/2008. Hafi varan ekki verið seld á því verði en sannanlega verið boðin til sölu getur þó verið um raunverulega verðlækkun að ræða en það er háð mati Neytendastofu í hvert sinn. Eins og fram hefur komið verður í þeim tilvikum að líta til sölutímabils vörunnar á venjulegu verði. Í þessu máli er um að ræða fjórar bækur. Fram kemur í svari Nettó að bókin Stelpur A-Ö hafi verið tekin til sölu þann 10. nóvember 2011 og boðin á tilboði þann 16. sama mánaðar, Matreiðslubók Latabæjar hafi verið tekin til sölu þann 15. nóvember 2011 og boðin á tilboðin þann 25. sama mánaðar. Eins og málum er hér háttáð telur Neytendastofa sölutímabil bókanna ekki gefa grunn að fullu verði sem afsláttur reiknast af án þess að bækurnar hafi raunverulega verið seldar á því verði.

Með vísan til alls framangreinds hefur Nettó að mati Neytendastofu brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 auk ákvæða 3. gr. reglna nr. 366/2008.

4.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafli laganna. Í kjölfar bréfs Neytendastofu breytti Nettó auglýsingum sínum á þá leið að ekki var vísað til hlutfallslegrar lækkunar, né lækkunar frá „merktu verði“. Óskaði Nettó þess að tekið yrði tillit til þess við afgreiðslu málsins. Eins og fram hefur komið sendi Neytendastofa Nettó og öðrum söluaðilum jólabóka bréf þann 8. nóvember 2010 þar sem gerð var grein fyrir þeim lögum og reglum sem um tilboð og útsölur gilda. Vegna þessa telur Neytendastofa að Nettó hafi mátt vera fullljóst að með því að kynna bækurnar á afslætti frá „merktu verði“ sem þær höfðu ekki verið seldar á, væri um að ræða brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 sem og reglna nr. 366/2008. Með vísan til þessa telur stofnunin óhjákvæmilegt að leggja stjórnvaldssekt á fyrirtækið. Með tilliti til umfangs brotsins og fyrri sektarákvarðana stofnunarinnar vegna sambærilegra brota telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Samkaup hf., rekstraraðila Nettó, stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 500.000- (fimmhundruðþúsundkrónur).



III.

Ákvörðunarorð:

„Samkaup hf., rekstraraðili Nettó, Krossmóum 4, Reykjanesbæ, hefur, með því að hafa ekki selt bækur á tilgreindu fyrra verði sbr. auglýsingu Nettó í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu 1. desember 2011, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Samkaup hf., að fjárhæð kr. 500.000- (fimmhundraðþúsundkrónur).“

Neytendastofa, 2. mars 2012

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir